

## 7. gr.

13. gr. orðist svo:

Vatnsveitunni er ekki skylt að leggja heimæð eða tengja hana, fyrr en húseigandi hefur greitt heimæða- og tengigjald.

## 8. gr.

14. gr. orðist svo:

Hrökkvi tekjur vatnsveitunnar ekki fyrir rekstrarútgjöldum getur bæjarstjórn að fengnum tillögum vatnsveitustjórnar, fyrir eitt ár í senn, hækkað vatnsskatt, auka-vatnsskatt, mælaleigu, tengigjöld og vatn til skipa um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. marz 1970.*

**Emil Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

13. marz 1970.

Nr. 85.

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

### I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

#### A. Lýsing.

11. Um kwst.mæli á kr. 8.60 á hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 3.60 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
 

Fastagjald reiknast þannig:

  - a. Fyrir verzlánir, vinnustofur og skrifstofur kr. 2.90 á ferm. á mánuði.
  - b. Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 1.45 á ferm. á mánuði.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 2.10 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 17.00 á mánuði af hverju herbergi.
 

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

#### C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 5.95 hverja kwst. ársnotkun.
32. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
  - a. Kr. 1.70 hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.

- b. Kr. 2.45 hver kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
- c. Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:  
Aflgjald af notuðu afli kr. 2375.00 á kwst.  
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 0.80 á kwst.
- d. Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:  
Um kwst.mæli á kr. 0.80 hverja kwst., auk fastagjalds, kr. 2065.00 á ári fyrir hvert kw. í málraun véla.

#### D. Hitun.

- 41. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 1.10 hver kwst.
- 42. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 0.55 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
- 43. Til húshitunar um kwst.mæli á kr. 0.48 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
- 44. Til húshitunar um kwst.mæli á kr. 0.36 hverja kwst. í 10 klst. á tímanum frá kl. 22 til kl. 09.
- 45. Til fasttengdra bökunarofna og gufukatla í brauðgerðarhúsum, um tvígjaldsmæli á kr. 0.70 hver kwst. á tímanum frá kl. 22 til 08. og kr. 2.45 hver kwst. á tímanum frá kl. 08 til kl. 22.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

#### E. Önnur raforkunotkun.

- 1. Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 3.60 hver kwst.
  - 2. Til götu- og hafnarlýsingar kr. 1080.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.
- Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-I. Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

#### II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- |  |                    |
|--|--------------------|
| 1. Af einfasa mælum 50 amp. og minni .....   | kr. 15.00 á mánuði |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni .....   | — 22.00 — —        |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. ....         | — 30.00 — —        |
| 4. Af mestaafismælum 100 amp. og minni ..... | — 60.00 — —        |
| 5. Af mestaafismælum stærri en 100 amp. .... | — 120.00 — —       |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal miðast við flutningsgetu heimtauganna skv. eftirfarandi töflu:

Málstraumur stofnvara

60 amp. 1 fasa .....	kr. 6 500.00
100 amp. 1 fasa .....	— 8 600.00
60 amp. 3 fasa .....	— 8 600.00
100 amp. 3 fasa .....	— 11 500.00
200 amp. 3 fasa .....	— 23 000.00
350 amp. 3 fasa .....	— 39 600.00
150 kwa. ....	— 46 200.00
300 kwa. ....	— 92 400.00
500 kwa. ....	— 153 000.00

Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 20 m skal húseigandi greiða yfirlengdargjald. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu stytztu greiðfæra leið að varkassa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Heimtaugargjald skal greiðast við umsóknir.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, bílskúra og beitingaskúra greiðast eftir reikningi.

### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 200 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

### V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld skv. þessari gjaldskrá um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Húsavíkur nr. 48 8. febrúar 1968 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. marz 1970.*

**Jóhann Hafstein.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*